



Hafnarfjörður

Hafnarfirði 21. febrúar 2023.

2301428 – Mengunarslys – minnisblað.

Fyrirspurn.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar óskum eftir að Mengunarslys hjá Costco verði tekið á dagskrá bæjarráðs 23.febrúar næstkomandi. Óskað er eftir nýjustu upplýsingum í málinu, þám. um það magn olíu sem fór um lagnakerfi bæjarins í desember síðastliðnum og hugsanlegar afleiðingar á lífríki sjávar utan Hafnarfjarðar.

Guðmundur Árni

Svar.

Samkvæmt starfsmönnum Costco fóru um 111 – 112 þúsund lítrar í gegnum fráveitukerfið hjá okkur út í sjó.

Haft var samband við Umhverfisstofnun varðandi áhrif á lífríkið. Samkvæmt sérfræðingi þeirra hvarfast díselolía hratt í sjónum enda mikil uppblöndun (straumar) á þessu svæði. Einnig kom fram að lífríkið væri í hálfgerðum dvala á þessum tíma þannig að ólíklegt sé að það skaðist af þessu.

Starfsmenn fráveitu hafa fylgst með fjörunni og ekki orðið varir við ummerki eftir olíu.

Björgunarsveit Hafnarfjarðar hefur skoðað fjörur með dróna og einnig gengið fjöruna frá Straumsvík að Hvaleyrarlóni og engin sjáanleg merki um mengun. Þá mun Köfunarþjónustan taka sýni af sjávarbotninum við enda útrásarinnar í dag, sem Heilbrigðiseftirlitið lætur greina.

Með kveðju



Hafnarfjörður

Guðmundur Elíasson

Umhverfis- og veitustjóri
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhelli 2

585 5500 / 664 5641
guðmundure@hafnarfjordur.is
hafnarfjordur.is